

Tónleikar Skógarmanna 21. Apríl 2022:

Já, gríðar er gaman að syngja

Já, gríðar er gaman að syngja!
Með gleði lát rödd þína klingja
því söngur vor aldna má yngja.
Vér syngjum sífelld best (húrra, húrra).

Viðl.: Já, syngdu hátt á meðan mátt
því annað nær ei neinni átt.
Og allra hljóð, þau eru góð
ef býr í söngnum gleðiglóð.
Já, gríðar er gaman að syngja
í góðra vina hóp (húrra, húrra).

Og samtaka' í söngnum nú verum
og svellandi' af krafti hann gerum
því snillingar í því vér erum:
Vér syngjum sífelld best (húrra, húrra).

Og margoft það máttarverk skeði
í myrku og sofandi geði
að söngurinn gæddi það gleði.
Vér syngjum sífelld best (húrra, húrra).

Bjarni Eyjólfsson

Ef ætlun vor er sú

Ef ætlun vor er sú að ganga greitt, tra-la-la, (Bassar)
þá að draga fætur [dugar ekki] neitt, tra-la-la,
vér úr baki réttum, fótum lyftum létt, tra-la-la,
og svo stígum vér til foldar fast og þétt, tra-la-la.
Um foldu duna fótatök vor snögg, snögg, snögg,
eins og högg, (já) högg, (já) högg, (já) höggvin ótt, - túrúm túrúm
(2.tenór+1.bassi)
og við hljóðfall það vér syngjum síðan lag, lag, lag,
og við brag, brag, brag, brag með þrótt.

Á völlinn þótt ei skorti fiman fót, tra-la-la, (Bassar)
ýmsir sparka [þar þó] mest í [mold og] grjót, tra-la-la,
en ef hugmyndin er sú að hitta mark, tra-la-la,
er ei nóg að gefa næsta manni spark, tra-la-la.
Það getur skeð þú hittir fyrir fold, fold, fold
eða mold, (já) mold, (já) mold, (já) mold og grjót. - túrúm
túrúm (2.tenór+1.bassi)
Og það getur skeð þú hittir beint í bein, bein, bein,
þá er vein, vein, vein, veinin ljót.

Og enginn getur fengið hryglu' og hroll, tra-la-la, (Bassar)
þótt hann velti oní [venjulegan] poll, tra-la-la,
en með Eyrarvatnið það er annað mál, tra-la-la,
þar er hægt að ná í hroll í líf og sál, tra-la-la.
Því ýmsir hafa oltið oní það, það, það
fengið það, (já) það, (já) það, (já) blautan koll. - túrúm
túrúm (2.tenór+1.bassi)
Margur féll í vatnið fögur eins og nár, nár, nár,
kom upp blár, blár, blár, blár með hroll. *Bjarni Eyjólfsson*

Oft á sumaraftni kyrrum

Oft á sumaraftni kyrrum,
andagtstund er ríkir hlý,
gömul saga', er gerðist fyrrum,
glöggst ég finn að enn er ný.

Viðl.: Þessi gamla, góða saga
grípur mig á einhvern hátt.
Hún mun æ um alla daga
eiga sama töframátt.

Þar ég heyrir' að Kristur kemur,
kallar: „Barn mitt, fylg þú mér!“
Þá ég óska einskis fremur
en að fylgja Drottni hér.

Ennþá gerist sama saga
sífellt þar sem Jesús fer.
Þó um sumardvalardaga
Drottinn finnst mér næstur mér.

Bjarni Eyjólfsson

Down by the Riverside

Gonna lay down my burden!
Down by the riverside, x3
Gonna lay down my burden
Down by the riverside
to study war no more.

I aint-a gonna study war no more! X5
Aint-a gonna study war no more!

Gonna meet my King Jesus!
Down by the riverside, x3
Gonna meet my King Jesus!
Down by the riverside
to study war no more.

Gonna Talk with the Prince of Peace!
Down by the riverside, x3
Gonna Talk with the Prince of Peace!
Down by the riverside
to study war no more.

Nú dvínar dagsins kliður

Rú, rú, rú, rú, rú, rú, rú ...

Nú dvínar dagsins kliður
og draumafróin kemur skjótt.

Nú ríkir ró og friður,
í runnum allt er hljótt.

Nú þagnar fuglafjöldi
á fögru sumarkvöldi
er dýrðleg nálgast nótt.

Á bak við heiði háa
er hnigin sól en ljómar þó
á himinhvolfið bláa,
á hæðir, vötn og skóg.
Um dal í faðmi fjalla
og fagra klettastalla
nú drottnar draumsæl ró.

Hér eru yndisstundir
og allt sem hugann gleðja má.
Er eygló gengur undir
skín æðri sól oss hjá.
Og blessun Guðs oss geymir
svo góðan svein þá dreymir
um himinveldin há.

Friðrik Friðriksson

Nafnið skráð á himni

Sál mín syndum fjötruð kom og fékk
fyrirgefning Guðs og hans frið.
Ókeypis var náðin, - og ég veit
að hann stendur orð sín við.

Kór:

Enn eitt nafnið skráð er nýtt á himni,
nafnið mitt,
já, nafnið mitt!

Heyrið engla syngja með í söngnum
að syndari kom heim.

Því enn eitt nafnið skráð er nýtt á himni,
nafnið mitt,
já, nafnið mitt!

Synd mín fyrirgefning,
set ég stefnu' á himinn,
sveima þarf ei meir.

Auðmjúkur við krossinn kraup ég þá,
kveið að reiði Guðs myndi sjá.
Þegar upp laukst himinn eitt ég sá
að mitt nafn var þar á skrá.

Bókin frá því segir: „Sýkn af náð!“
Sæla fyllti mitt sálarlíf
Fyrirgefning á ég. Enn er skráð
að í Jesú á ég líf.

Guðlaugur Gunnarsson þýddi